

Föstudaginn 31. október 1997.

Nr. 430/1997.

Merking ehf.

(Hlöðver Kjartansson hdl.)

gegn

íslenska ríkinu

(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)

Kærumál. Dómarar. Nauðungarsala. Skaðabætur. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 10. október 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 15. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 30. september 1997 um að vísa frá dómi máli sóknaraðila á hendur varnaraðila. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Merking ehf., greiði varnaraðila, íslenska ríkinu, 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 30. september 1997.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 10. þ. m., var höfðað með stefnu, áritaðri um birtingu 5. mars 1997.

Stefnandi er Merking ehf., kt. 691079-0589, Brautarholti 24, Reykjavík.

Stefndi er fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs Íslands, Arnarhvíli, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 664.400 kr. auk [nánar tilgreindra dráttarvaxta] og að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað skv. 129. og 130. gr. laga nr. 21/1991.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að málinu verði vísað frá dómi og stefnda tildæmdur málskostnaður að mati réttarins.

Fyrsta varakrafa er sú, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður að mati réttarins.

Önnur varakrafa er sú, að stefndi verði sýknaður að svo stöddu og tildæmdur málskostnaður að mati réttarins.

Þriðja varakrafa er, að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og málskostnaður í því tilviki látinn falla niður.

Frávísunarkrafa stefnda er hér til úrskurðar.

Niðurstaða.

Málatilbúnaður stefnanda verður ekki skilinn öðruvísi en svo, að miðað sé við ætluð mistök uppboðshaldara við framkvæmd uppboðsmálanna eftir söluþingin 11. og 23. október 1991, en samkvæmt uppboðsskilmálum tók uppboðshaldari sér allt að átta vikna frest til að taka ákvörðun um framkomin boð.

Uppboðin fóru fram, og frestir samkvæmt uppboðsskilmálum liðu í gildistíð laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð. Uppboðshaldari var fulltrúi yfirborgarfélagans í Reykjavík. Athafnir uppboðshaldara töldust dómsathöfn á þeim tíma, sbr. 2. mgr. 2. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 57/1949, en í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1949 segir, að allar athafnir uppboðshaldara séu dómsathafnir, nema öðruvísi sé mælt í lögum. Samkvæmt þágildandi 2. mgr. 34. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði var ekki unnt að höfða skaðabótamál fyrir héraðsdómi gegn dómurum, sbr. nú 8. gr. a laga nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, svo sem þeim lögum var breytt með 13. tl. 161. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hér er um ófrávikjanleg lagaákvæði að ræða, sem leiða til frávísunar, og er frávísunarkrafa stefnda því tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari kveður upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.